

Sp.

365. Tillaga til þingsályktunar

[140. mál]

um gerð hagrænna landabréfa í þágu atvinnuveganna.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 20 þús. kr. á þessu ári til þess að hefja gerð hagrænna landabréfa af Íslandi í því skyni að auðvelda ráðstafanir til sköpunar jafnvægi í byggð landsins.

Greinargerð.

Hagræn landabréf eru bezta og gleggsta heimild um náttúruhagi landsins og atvinnuvegi og afkomu þjóðarinnar, sem hægt er að fá. Af þeim má sjá landslag og nýtilegt land, byggðarlög og samgöngur, yfirlit um landbúnað, útgerð og iðnað, fjárhagslega afkomu, aldursskiptingu og breytingar á fólksfjölda eftir byggðarlögum á síðustu áratugum.

Menningarþjóðir, eins og t. d. Norðurlandþjóðirnar, Bretar og Bandaríkjamenn, hafa látið gera fjölda slikra korta til hagsbóta fyrir atvinnuvegina. Hér á landi er einnig þörf fyrir hagræna landabréfagerð, því að með þeim skapast mjög aukin yfirsýn yfir þarfir og hagi sveita og bæja.

Jafnframt því, sem kortin eru gerð, eru samdar með þeim skýringar. Þar eru einnig raktar orsakir til breytinga, sem orðið hafa á síðari tímum. Á þann hátt skýrast vandamálin, og grundvöllur er lagður að þeim ráðstöfunum, sem æskilegar verða taldar til hagsbóta fyrir atvinnuvegina og sköpunar jafnvægi í byggð landsins.

Hagrænu landabréfin munu koma að margháttuðu beinu og óbeinu gagni. Þau eru ómetanleg hjálpargögn fyrir þá, sem vinna að almennri skipulagningu og stjórnarstörfum, og auk þess munu þau verða notuð í skólum og við fræðistörf af ýmsu tagi.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að verja allt að 20 þús. kr. til að hefja gerð hagrænna landabréfa. Er það að vísu lág upphæð. En fyrir hana ætti að vera unnt að framkvæma nauðsynlegar byrjunarframkvæmdir á þessu sviði. Hér er um nýjung og tilraun að ræða, sem nauðsynlegt er að verði gerð.